

Hvatningarsjóður Félags lífeindafræðinga

Starfsreglur

Síðast staðfestar á aðalfundi FL 28. mars 2025

1.gr. Grundvöllur

Hvatningarsjóður Félags lífeindafræðinga (FL) var stofnaður með aðalfundarsamþykkt FL árið 2007. Hlutverk sjóðsins er að veita þeim lífeindafræðinimum viðurkenningu og hvatningu sem skarað hafa fram úr á einhvern máta í námi í lífeindafræði og þannig styrkja tengsl FL við námsbraut í Lífeindafræði við Háskóla Íslands.

2. gr. Stjórn og rekstrarkostnaður

Stjórn sjóðsins er skipuð af þremur einstaklingum; gjaldkera FL auk tveggja annarra sem kosnir eru á aðalfundi FL. Annar þessara tveggja skal vera formaður sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn skal skipuð til tveggja ára í senn og ekki skulu fleiri en tveir af þremur stjórnarmönnum ganga út í einu. Sjóðsstjórn skal annast úthlutun og halda gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað er varðar hag sjóðsins og starf. Sjóðsstjórn hefur aðgang að þjónustuskrifstofu SIGL við úthlutun og útreikninga.

2.1. gr.

Ef upp kemur að það vanti aðila í sjóðsstjórn tekur einn stjórnarmeðlimur FL sæti í sjóðnum tímabundið fram að næsta aðalfundi þar sem kosið er um það sæti til tveggja ára.

3. gr. Hvatningarsjóður

Árlegt framlag FL til hvatningarsjóðs skal miðast við ein meðal heildarlaun lífeindafræðings hjá hinu opinbera eins og þau eru gefin út í september árið á undan frá fjármálaráðuneyti. Sjóðinn má einnig efla með framlögum afmælisárganga í FL, minningargjöfum eða öðrum frjálsum framlögum.

3.1. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu FL sem annast ávöxtun hans. Sjóðurinn greiði kostnað við bókhald og endurskoðun ef einhver er. Vextir og verðbætur af ávöxtun sjóðsins mæti þessum kostnaði.

4. gr. Viðurkenning

Viðurkenningin skal vera fjárhæð sem sjóðsstjórn ákvarðar. Miðað skal við að sú fjárhæð sé sem næst ársframlagi í sjóðinn hverju sinni. Úthluta skal úr sjóðnum árlega, en það var fyrst gert vorið 2009.

5. gr. Starfsreglur

Sjóðsstjórn er heimilt að endurskoða starfsreglur þessa sjóðs ár hvert og nýta sér þar með þá reynslu sem skapast hefur. Breytingar skulu staðfestar á aðalfundi FL.

6. gr.

Verði sjóður þessi af einhverjum ástæðum að hætta störfum skal ákvörðun um það og ráðstöfun eigna sjóðsins tekin á aðalfundi FL.